



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	5. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	Fimmtudaginn 11. desember 2014 kl 17:40
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Formaður Jón Grímsson (JG) ÍR Gjaldkeri Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR Ritari Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH 3. varamaður
Boðuð forföll:	Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR Meðstjórnandi
Fjarverandi:	Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR Varaformaður
	Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR 2. varamaður
Fundarritari:	JÁJ

Dagskrá fundar

Fundargerð	1
Staðfesting á fundargerð síðasta fundar	1
Val á keilurum ársins	1
Önnur mál.....	1
Dómaralisti	1
Erindi Gunnars Þórs frá ÍR Fagmönnum	2
ECC uppgjör	2
Skuldalisti	2

Fundargerð

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Fundargerð staðfest með breytingum frá TÓ í pósti.

Val á keilurum ársins

ÞMP fer yfir stigatöflu og þar kemur fram að stigahæstu leikmenn ársins 2014 eru Ástrós Pétursdóttir ÍR og Hafþór Harðarson ÍR, sjá vef KLÍ. Nánari skilgreining á stigagjöf er í skjali sem liggur í Dropbox-inu. Samþykkt samhljóða að þau verði kjörnir keilarar ársins 2014.

Önnur mál

Dómaralisti

ÞMP leggur fram tillögu að gátlista fyrir dómara. Umræður um þetta og hvort í hann vanti að dómari skuli kanna með buxur leikmanna. JG nefnir að gefa þurfi keilurum tækifæri á að bæta úr þessu eigi að dæma hart eftir þessu ákvæði 18. gr. í reglugerð KLÍ um keilumót. Almennur skilningur á að um sé að ræða að lið mæti ekki t.d. einn í gallabuxum, annar í jogging og þriðji eða aðrir í sparibuxum.

JÁJ kemur með tillögu að bæta neðst við gátlistann að dómari fylgist með öðru sem upp gæti komið að hans mati.

Erindi Gunnars Þórs frá ÍR Fagmönnum

Gunnar Þór hjá ÍR Fagmönnum sendi póst fyrir nokkru á stjórn KLÍ þar sem hann mótmælir málsmeðferð sambandsins á máli sem var í gangi varðandi ólöglega skráðan leikmann. Málið er í ferli hjá Aganefnd og lítið um það að segja að svo stöddu.

ECC uppgjör

JG leggur fram frumdrög að uppgjöri vegna ECC2014. Fram kemur að tap á mótinu er -189.108,- Miðað við það sem almennt gerist í svona mótahaldi er þetta nokkuð vel sloppið að mati fundarmanna.

Fram kemur hjá ÞMP að ETBF kann svo vel að meta framkvæmd okkar að þeir hafa falast eftir því að við sækjum um að halda Evrópumót unglunga 2016 sem skv. dagskrá á að vera um páskana það ár. Það mót verður umtalsvert stærra en ECC2014. Ljóst að skoða þarf þetta mál vandlega og það fljótt svo hægt sé að svara. Svar þarf að koma í þessum mánuði.

Skuldalisti

JG fer yfir skuldalista. Fram kemur að KR og Þór skulda m.a. skráningagjöld, þátttökugjöld o.fl. ÍR skuldar einnig en það er frá því í nóv. Ýta þarf á KR og Þór að gera upp sín mál.

Fundi slitið kl 18:35